

14
20. jan.

Auglýsing

um varnir gegn kvefpestinni (influenza).

Að fengnum tillögum læknaeildar háskólans og með ráði landlæknis eru hjermeð, samkvæmt lögum nr. 24, 16. nóvember 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, 2. gr., settar eftirfarandi reglur til varnar gegn útbreiðslu kvefpestarinnar:

1. Samgöngum milli sykra og ósykra landshluta skal hagað þannig: Engir mannflutningar eru leyfdir úr syktum svæðum fram yfir það sem nauðsyn krefur, og á þann hátt að þeim einum skal gefið fararleyfi, sem hafa verið einangraðir í vikutíma á brottfararstað og hvorki hafa sýkst grunsamlega á þeim tíma, nje haft mök við sykta eða grunaða.

2. Varningur og aðrir dauðir munir skulu taldir lausir við sóttneymi 24 klukkutímum eftir að sjúkir eða grunaðir hafa haft hönd á þeim. Heimili, sem sýkst hafa, skulu talin sóttþættulaus, þegar 7 dagar eru liðnir frá því að síðasti sjúklingur varð hitalaus, eða 12 dagar eftir að hann sýktist, og þá án þess að sóttþreinsun hafi farið fram. Heimilt skal þó hjeraðslæknum að lengja einangrunartímann, ef þeir eru í vafa um framangreind tímamörk.

3. Hjeraðslæknar skulu svo fljótt sem því verður komið við senda öllum sveitarstjórnnum í ósyktum sveitum glöggar sóttvarnareglur og jafnframt leita álits þeirra um hvort það sje almennings vilji að verja sveitina, þó veikin flyttist í hjeraðið, síðan gerir hjeraðslæknir þær ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar, til þess að verja þau byggðarlög, sem þess óska, sbr. 1. og 2. gr.

4. Öll skip, sem leita til hafnar á Norður- og Austurlandi, Stranda-, Barðastrandar-, Dala-, Snæfellsness- og Skaftafellssýslu, og koma annaðhvort frá útlöndum eða frá syktum hjeruðum innan lands, skulu talin grunuð skip, er ekki teljast sóttþættulaus fyr en liðnir eru 7 dagar frá því að þau ljeta síðast úr höfn eða höfðu síðast mök við önnur skip, enda hafi enginn sýkst á skipinu á brottfararstað þess eða á leiðinni, svo að grunsamlegt þyki.

5. Læknar í hinum ósyktu hjeruðum, sem fara þurfa út í sykt eða grunuð skip, skulu, er þeir koma á land, einangra sig, svo sóttþætta geti ekki af þeim stafað, í alt að sjö daga og skal hlutaðeigandi hjeraðslæknir gera næsta hjeraðslækni aðvart, er skal skylt að þjóna fyrir hinn á meðan þarf.

6. Hjeraðslæknar í þeim hjeruðum, þar sem kvefpestin gengur, skulu í viku hverri síma til landlæknis aðalatriðin um göngu sóttarinnar.

Dóms- og kirkjumáladeild stjórnarráðsins, 20. jan. 1919.

Jón Magnússon.

Björn Þórðarson,
settur.